

Lagt fyrir fund velferðarráðs 12. desember 2018

### **Tillaga fulltrúa Sósíalistasflokks Íslands að breytingum við útreikning sérstaks húsnæðisstuðnings.**

Lagt er til að reglur Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning verði breyttar þannig að stuðningurinn byrji ekki að skerðast nema þegar húsnæðiskostnaður er undir 25% af ráðstöfunartekjum viðkomandi. Þá er einnig lagt til að þær breytingar hafi ekki neikvæð áhrif á þá sem mögulega greiða nú þegar undir 25% af ráðstöfunartekjum í húsnæðiskostnað.

#### **Greinargerð:**

Sérstakur húsnæðisstuðningur er fjárstuðningur sem er ætlað að koma til móts við þá einstaklinga eða fjölskyldur sem eru ekki á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði vegna lágra launa, þungrar framfærsluþyrðar og félagslegra aðstæðna. Samkvæmt núverandi reglum Reykjavíkurborgar skerðist sérstakur húsnæðisstuðningur við ákveðin tekjumörk. Sem dæmi má nefna að fyrir einstakling, tekur sérstakur húsnæðisstuðningur að skerðast þegar tekjur eru hærri en 301.883 krónur á mánuði og sérstaki húsnæðisstuðningurinn fellur niður við efri tejumörk sem eru 377.354 krónur á mánuði en skerðist hlutfallslega upp að því marki. Þegar að fjórir eða fleiri búa á heimili, þá tekur sérstakur húsnæðisstuðningur að skerðast þegar tekjur nema hærri upphæð en 506.385 krónur á mánuði og falla niður þegar tekjur eru hærri en 632.981 krónur á mánuði en skerðast hlutfallslega upp að því marki. Þegar að heimilsmenn eru tveir á heimili þá fellur sérstakur húsnæðisstuðningur niður um leið og tekjur eru hærri en 499.081 krónur á mánuði.

Í reglum Reykjavíkurborgar kemur fram að upphæð húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings geti aldrei numið hærri fjárhæð en 90.000 krónum. Í þeim reglum er ekki tekið mið af húsnæðiskostnaði, þar sem úreikningur á sérstökum húsnæðisstuðningi horfir helst til tekna en ekki til hlutfalls húsnæðiskostnaðar af tekjum. Það er því mikilvægt að sérstakur húsnæðisstuðningur verði reiknaður með því móti að hann fylli upp í það sem á vantar svo að húsnæðiskostnaður verði aldrei hærri en 25% af ráðstöfunarteknum heimilisins. Sérstakur húsnæðisstuðningur ætti almennt að hafa það að markmiði að enginn greiði meira en 25% af ráðstöfunarteknum sínum í húsnæðiskostnað en það er almennt viðmið sem telst til viðeigandi hlutfalls húsnæðiskostnaðar. Þá er það mat fulltrúa Sósíalistasflokks Íslands að leiguverð eigi ekki að nema meira en 20% af ráðstöfunarfé þeirra sem hafa sem minnsta innkomu, þar má t.d. nefna þá sem eru á grunnlífeyri. Samkvæmt matsblaði Reykjavíkurborgar í reglum um sérstakan húsnæðisstuðning telst húsnæðiskostnaður íþyngjandi ef hann er meiri en 20% af tekjum heimilisins að teknu tilliti til húsnæðisbóta og verulega íþyngjandi ef hann er meiri en 30% af tekjum heimilisins að teknu tilliti til húsnæðisbóta.